




Andlát og útför

Samkvæmt hefðum gyðinga þarf greftrun að eiga sér stað innan tveggja sólarhringa frá andláti. Útförin er látlaus enda eru allir jafnir fyrir Guði bæði fátækir og ríkir. Rabbíni les bæn yfir gröfinni og nánasta fjölskyldan eyði tímanum saman í sorg sinni í um það bil viku, en þá koma aðrir ættingjar og vinir til að veita huggun og styrk.

Á Íslandi er enginn rabbíni og því tekur einhver fullorðinn fjölskyldumeðlimur að sér að syngja bænir og sjá um athöfnina. Íslenskir gyðingar hafa fengið aðgang að kapelluna í Fossvogi í Reykjavík við útfarir.



Látlaus merkir að ekki sé mikið um íburð.

Rabbíni er heiti yfir prest gyðinga.

Spurningar

1. Hvenær á greftrun að eiga sér stað samkvæmt hefðum gyðinga?
2. Hvers vegna er útförin látlaus?
3. Hver er helsti munurinn á útför gyðinga á Íslandi og annarstaðar?